

# FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 1. tbl. 2011

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: [www.rhs.is](http://www.rhs.is)

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

Janúar 2011

## EFNI BRÉFSINS

### Búfjáreftilit

\*\*\*

### Styrkir til vatnsveitna

\*\*\*

### Nýliðunarstyrkir í sauðfjárrækt

\*\*\*

### Örmerkingar og dna-sýnataka

\*\*\*

### Áburðaráætlanir

\*\*\*

### Lambaskoðanir 2011

\*\*\*

### Ormalyfsgjöf hjá sauðfé

\*\*\*

### Hrossaskýrslur

\*\*\*

### Niðurstöður skýrsluhalds í nautgriparrækt 2011

## Búfjáreftilit

Árleg yfirferð búfjáreftilits er að hefjast á svæðinu. Við viljum biðja menn að gera ráðstafanir eins og kostur er, til að hægt sé að skoða allan búfénað á viðeigandi hátt og telja skepnur. Við minnum einnig á að einstaklingsmerki eiga að vera komin í alla ásetningsgripi.

Varðandi hross er rétt að ítreka að öll hross sem eru á búi eru þar á ábyrgð ábúanda. Öll hross á búinu þurfa að koma fram á skýrslum. Ef aðkomuhross í hagagöngu eiga ekki að teljast á skýrslu viðkomandi ábúanda eru þau talin fram á sérstökum eyðublöðum og þarf ábúandi þá að hafa tiltækar upplýsingar um nöfn og kennitölur eigenda hrossanna.

Bændur sem eru í gæða-stýringu í sauðfjárrækt viljum við minna á að gæðahandbækur þurfa að vera útfylltar og tilbúnar fyrir tímabilið frá síðustu úttekt til dagsins í dag.

## Styrkir til vatnsveitna

Þeir sem hyggja á endurbætur á vatnsveitum á lögbýlum þurfa að sækja um styrk til þess nú fyrir 1. mars næstkomandi. Eyðublað má nálgast á heimasíðu BÍ [www.bondi.is](http://www.bondi.is) eða með hlekk frá heimasíðu okkar [www.rhs.is](http://www.rhs.is).

## Nýliðunarstyrkir í sauðfjárrækt

Við minnum á að umsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt skv. ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings ber að skila til BÍ fyrir 1. mars næstkomandi. Umsóknareyðublað með nánari leiðbeiningum má finna á heimasíðu okkar [www.rhs.is](http://www.rhs.is). Þar má einnig sjá reglur um úthlutun. Hægt er að sækja um framlög í fimm ár í röð eftir að búskapur hefst.

## Örmerkingar og dna-sýnataka

Þeir sem hafa áhuga á að láta örmerkja hross eða taka dna stroksýni eru beðnir að láta vita sem fyrst í tölvupósti [gr@bondi.is](mailto:gr@bondi.is) eða hringja á skrifstofuna 451-2602. Mjög mikilvægt er að geta skipulagt þetta vel til að lágmarka kostnað við akstur og ferðir. Rétt er að minna á að nú er skylt að örmerkja og skrá öll folöld sem sett eru á. Hjá BHS kostar örmerki núna 1.600 kr, dna greiningin er á 5.500 kr og vinna við sýnatöku og örmerkingu er 3.700 kr/klst. Ofan á öll þessi verð reiknast virðisaukaskattur en ekki er rukkað fyrir akstur.

Rétt er að minna á að skv reglum um kynbótasýningar þarf að vera hægt að sanna ætterni allra stóðhesta sem koma til dóms og þurfa því að vera til dna-sýni úr báðum foreldrum þeirra og þeim sjálfum.

---

---

## Áburðaráætlanir

Nú eru allir áburðarframleiðendur búnir að gefa út verð og flestir veita afslátt ef pantað er fyrir miðjan marsmánuð. Það er því ekki til setunnar boðið ef menn vilja láta vinna áburðaráætlanir fyrir vorið. Í áburðaráætlun er tekið mið af áburðarþörf, nýtingu búfjáráburðar og verði. Við mat á áburðarþörfum koma hey- og jarðvegsefnagreiningar í góðar þarfir sem og ræktunarsaga og uppskera fyrri ára.

Allar áburðaráætlanir okkar eru unnar í [www.jörð.is](http://www.jörð.is) og þar eiga að birtast tunkortaspildur sem teiknaðar hafa verið inn í loftmyndagrunn Loftmynda ehf. Það er því afar þægilegt ef til er slíkt tunkort á bænum sem unnið er fyrir en alls ekki nauðsynlegt. Ef ekki er til slíkt tunkort eru tveir möguleikar, annars vegar að láta teikna slíkt eða þá stofnskrá spildurnar án loftmyndatengingar inn í [jörð.is](http://jörð.is).

Þeir sem tóku að lágmarki 3 heysýni í sumar og eru með tunkort aðgengilegt á [jörð.is](http://jörð.is) fá í ár áburðaráætlanir endurgjaldslaut. Annars er fast gjald fyrir áburðaráætlun 6.000 kr. Fyrir mjög tímafrekar og/eða marg endurreiknaðar áætlanir verður rúkað aukalega á tímargjaldi BHS sem er 3.700 kr/klst. Inni á heimasíðunni okkar má nálgast excel-skjal sem hægt er að færa inn spildur, búfjáráburð, fyrirhugaða grænófóður- og/eða kornræktun o.s.frv. en það flýtir fyrir gerð áætlunar ef slíkt liggur fyrir við upphaf hennar. Þeir sem eru byrjaðir að nota [www.jörð.is](http://www.jörð.is) geta skráð sömu upplýsingar þar inn.

### **Nokkur atriði til umhugsunar fyrir þá sem gera sjálfir áburðaráætlanir:**

Fyrir þá sem vinna sínar áætlanir sjálfir viljum við benda á að á heimasíðunni okkar erum við með excel-skjal sem sýnir magn fosfórs og kalí sem fylgir með hverjum 100 kg af köfnunarefni í mismunandi blöndum áburðarsalanna og verð miðað við það. Við hvetjum menn til að skoða það. Hægt er að hlaða því niður og breyta verðum eftir eigin forsendum varðandi greiðslukjör og reikna þannig grófllega út hversu miklu munar ef valdar eru sambærilegar tegundir. Einnig er hægt er að breyta magni köfnunarefnis eftir hentugleika og þá breytist magn annarra efna og verð á hektara jafnóðum.

Nokkur atriði þarf að hafa í huga við gerð áburðaráætlana. Í upphafi þarf að setja niður fyrir sér forsendur um hversu mikið af aðalnæringarefnum (köfnunarefni, fosfór og kalí) við viljum bera á hverja spildu. Hægt er að sjá ráðleggingar um það m.a. í Handbók bænda, á heimasíðu okkar og víðar. Þar sem búfjáráburður er borinn á þarf að meta magn sem borið er á, á hvern hektara og hversu vel við getum gert ráð fyrir að hann nýtist.

Þegar búið er að draga frá það magn köfnunarefnis, fosfórs og kalís sem gert er ráð fyrir að komi úr búfjár-áburðinum standa eftir þarfirnar sem tilbúni áburðurinn þarf að uppfylla. Nú er t.d. hægt að nota töfluna sem ber saman verð milli áburðarsalanna. Ef enginn búfjáráburður er borinn á er rétt að áætla 100-120 kg af N í þörfina og slá það inn í efsta reitinn. Síðan er rétt að velja þá tegund sem kemst næst því að uppfylla þarfir annarra efna.

Hafið í huga að áburðarsalarnir eru ekki alltaf með algjörlega sambærilegar tegundir en réttast er að velja þær tegundir til samanburðar sem komast sem næst þörfunum sem áætlaðar voru. Það þarf ekki alltaf að vera sú tegund sem telja má „sambærilegasta“ tegund sem valin er hjá öðrum áburðarsala ef úrvalið er mismikið. *AMJ*

---

---

## Lambaskoðanir 2011

Búið er að taka endanlega saman lambaskoðanirnar frá því í haust. Síðastliðið haust voru skoðuð nákvæmlega 5 lömbum fleira en árið á undan eða 21.699 lömb í allt. Skiptist það í 17.938 gimbrar og 3.761 hrúta og var aukningin meiri í fjölda skoðaðra hrúta. Sem fyrr er rétt ríflega helmingur allra skoðaðra lambhrúta á svæðinu í Strandasýslu en gimbrarnar skiptast jafnar.

Tvö lömb mældust með 38 mm þykkun bakvöðva og var það annars vegar lambhrútur í Stekkjardal undan Hriflon og hins vegar gimbur undan heimahrútnum Álfi 08-171 á Steiná 3.

Meðal ómvöðvi gimbra á svæðinu var 26,6 mm sem er aukning um 0,3 mm í fyrra en meðal ómvöðvi hrúta var 28,1 mm sem er einnig aukning um 0,3 mm. Þykkasti bakvöðvinn í >50 lamba gimbrahjörð var hjá Indriða og Lóu í Skjaldfönn eða 30,8 mm. Næst á eftir þeim koma gimbrar þeirra Benedikts og Sigrúnar Birnu á Bergsstöðum á Vatnsnesi með 29,9 mm og þar á eftir gimbrarnar Elínu Önnu og Ara Guðmundi á Bergsstöðum í Miðfirði með 29,8 mm. Hér á næstu síðu er hægt að sjá yfirlit yfir efstu lambhrúta í hverri sýslu. Þeim er raðað eftir heildarstigum en síðan eftir þykkt á ómvöðva, ómfitu og lögun á ómvöðva. *AMJ*

---

---

## Nokkur orð um ormalyfsgjöf hjá sauðfé

Það færast sífellt meira í vöxt að bændur gefi fé sínu ormalyf að vorinu. Með því telja þeir sig minnka smítalagið á vörðuninni og það skili sér jafnvel í auknum fallþunga lamba að hausti. Þetta er í raun rökrétt því sýnt hefur verið fram á það að meirihluta árs hafa ærnar nægjanlegt ónæmi gegn innyflaormum en í kringum burð minnkar mótstöðuaflið. Lirfur sem hafa legið í dvala yfir veturinn vakna þá til lífsins og fara þá að skilja út egg með tilheyrandi smítalagi. Ormalyfsgjöf í kringum burð hlýtur því að teljast mjög mikilvægur tímupunktur til að rjúfa hringrás smitsins.

Ormalyfsgjöf þegar liðið er á vetur er aftur á móti oft tilgangslítill. Ástæðan er sú að í byrjun vetrar fara lirfurnar í dvala þannig að virkni ormalyfsins nýtist ekki. Því þarf að gefa ormalyfið um haustið og þá á yfirleitt að vera nóg að gefa ásetningslömbunum það. Smit hjá fullorðnu fé að hausti er jafnan lítið vegna áunnis ónæmis. Við vissar aðstæður þar sem smítalag er mikið getur þó þurft að gefa þeim líka en þá verður að gæta þess að gera það tímanlega um haustið til að fullnýta virkni ormalyfsins.

### Áhrif ormalyfsgjafar á haustþunga lamba

Samhliða því að gefa fé ormalyf að vorinu hafa verið vangaveltur um það hvort að einhver ávinningur felist í því að gefa lömbunum einnig ormalyf. Í sambandi við þær vangaveltur má nefna að í nýlegu nemandaverkefni hjá LBHÍ (1) var athugað hvort ormalyfsgjöf handa 6-8 vikna gömlum lömbum myndi stuðla að auknum vexti þeirra á afrétti. Athugunin var gerð á Hesti í Borgarfirði og Skarðshlíð undir Eyjafjöllum. Gerður var samanburður á tvílembingum af sama kyni þar sem annar tvílembingurinn fékk langvirkt ormalyf (Cydectin). Í stuttu máli sagt var engin munur í vaxtarhraða á milli lambahópanna. Á þessum stöðum var því enginn ávinningur af því að gefa lömbunum ormalyf áður en féð fór á afrétt.

Síðastliðið vor gerði undirritaður smá athugun á heimabúi með ormalyfsgjöf. Allar ærnar fengu ormalyf (Oramec) þegar þær fóru út. Samhliða því var gerð athugun á hluta af tvílembingunum af sama kyni. Þegar féð var sett út var öðrum tvílembingnum gefið 2,5 ml af lyfinu Oramec. Tilgangurinn var að athuga hvort að ormalyfsgjöf á þessum tíma mynda auka vaxtarhraða lambanna. Jafnframt átti hún að gefa vísbendingar um smítalag í landinu og hvort virkni ormalyfsins myndi flytjast frá móður til lambs. Vorið var kalt og spretta var lítil fram eftir júní, því sköpuðust í raun ágætis aðstæður til að magna upp smit í landinu. Lömbin voru síðan öll vigtuð um miðjan september.

Hópur	Hrútar		Gimbrar		Meðal- lífþungi
	Fj. lamba	Lífþungi	Fj. lamba	Lífþungi	
Fengu ekki ormalyf	14	43,7	16	41,6	42,6
Fengu ormalyf	14	42,4	16	42,4	42,4

Ekki kom fram marktækur munur á milli hópanna. Þó að gagnasafnið sé ekki stórt að þá gefur það vísbendingar um að á meðan fé er gefið langvirkt ormalyf að vori sé ekki ástæða til að meðhöndla lömbin líka.

### Athugun á lyfjaónæmi í íslensku fé

Í nýrri ritgerð (2) er gerð grein fyrir rannsókn þar sem lyfjaónæmi var athugað á nokkrum búum á Norðvesturlandi. Valin voru bú þar sem ormalyfið Zerofen hefur verið mikið notað. Haustið 2011, þegar fé kom af fjalli, var gerð athugun á 30 lömbum á hverju búi. Helmingur lambanna var gefið Zerofen á meðan hinn helmingurinn var ekki meðhöndlaður neitt. Niðurstaðan var sú að lyfið virkaði rétt, þ.e. ekki var að sjá að þróun lyfjaónæmis hafi átt sér stað. Ályktunin var sú að við aðstæður eins og eru á Íslandi, þar sem bændur meðhöndla féð yfirleitt sjaldan og úthagi mikið notaður séu líkurnar á þróun ormalyfjaónæmis litlar. Þó beri að hafa það í huga að röng notkun á ormalyfjum, t.d. með því að nota of litla skammta geti ýtt undir þróun á lyfjaónæmi.

### Ráðleggingar um ormalyfsgjöf

Af framansögðu má gefa almennar ráðleggingar um ormalyfsgjöf:

- Gefa skal öllu fé langverkandi ormalyf að vori.
- Gefa skal ásetningslömbunum ormalyf sem fyrst að hausti. Ef fé er gefið ormalyf að vori á yfirleitt ekki að þurfa að meðhöndla fullorðna féð á þessum tíma.
- Þar sem smítalag er ekki mikið (fé gengur á afrétti yfir sumarið) virðist ekki vera ávinningur af því að gefa lömbum ormalyf þegar sett er út að vori eða við fjallrekstur. *KÓE*

## Niðurstöður skýrsluhalds í nautgriparæktinni 2011

Afurðahæstu búin á Svæði Búnaðarsambandsins 2011

Bú	Árskýr	Afurðir á árskýr	Fita %	Prótein %
Tjörn	32,3	6834	4,25	3,3
Bessastaðir	29,7	6794	3,94	3,28
Brúsastaðir	51,5	6458	4,23	3,43
Búrfell	25,4	6224	3,91	3,56
Steinnýjarstaðir	35,2	6202	4,14	3,33
Syðri-Hóll	41,4	6147	3,71	3,41
Hnjúkur	36	5977	4,17	3,35
Bakki	33,9	5757	3,89	3,41
Valdarás	25,8	5717	4,97	3,48

Afurða hæstu kýrnar á Svæði Búnaðarsambandsins 2011

Kýr	Bú	Afurðir Kg	Prótein %	Fita %	Faðir
Braut 112	Tjörn	10.961	3,19	4,02	Stígur
Kinna 544	Torfalækur	9.711	3,53	4,07	99999
Þræta 192	Tjörn	9.347	3,03	4,12	Prasi
Brúsa 417	Brúsastöðum	9.221	3,23	4,2	Fontur
Líf 227	Bessastöðum	9.116	3,04	3,44	Grikkur
Þrá 249	Bessastöðum	9091	3,44	3,72	Renningur
Sólströnd254	Bessastöðum	9.064	3,26	3,94	Glanni

## Hrossaskýrslur

Í haust voru ekki send út eyðublöð fyrir Folalda- og afdrifaskýrslur nema ef hrossaeigendur báðu sérstakleg um það. Þeir sem hafa aðgang að Worldfeng geta núna skráð sín folöld sjálfir hafi mæður folaldanna verið skráðar hjá stóðhesti sumarið áður. Einnig geta eigendur selt, gelt og skráð afdrif sinna eigin hrossa. Rétt er að minna á að allir sem eru félagar í Hestamannafélagi eða samtökum Hrossabænda geta fengið ókeypis aðgang að Worldfeng. Ef einhver er ragur við að byrja að færa upplýsingar í gagnagrunninn er velkomið að hafa samband og munum við þá aðstoða fólk við að ná tökum á þessu og kenna þeim helstu atriðin í sambandi við skráningar og skoðun á upplýsingum.

Einnig eru þeir sem ekki skrá sjálfir beðnir að senda okkur sem allra fyrst upplýsingar um hrossahaldið 2011. Til gamans má hér sjá fjöldi hrossa af svæði BHS sem eru á lífi skv Worldfeng í febrúar 2012. Ljóst er að ásetningur folalda haustið 2011 var mun minni en verið hefur síðustu ár en þó er líklegt að eftir sé að skrá eitthvað af folöldum í Worldfeng. GR

Fjöldi hrossa af svæði BHS sem eru á lífi skv Worldfeng í febrúar 2012 og staðsetning þeirra.

Fæðingarár	Fædd í A-Hún			Fædd í V-Hún			Fædd á Ströndum		
	Á lífi skv WF	Þar af erlendis	%	Á lífi skv WF	Þar af erlendis	%	Á lífi skv WF	Þar af erlendis	%
2011	360	15	4,2	273	1	0,4	12	0	0,0
2010	586	18	3,1	436	2	0,5	24	0	0,0
2009	640	50	7,8	401	11	2,7	42	0	0,0
2008	604	71	11,8	421	18	4,3	36	0	0,0
2007	637	77	12,1	426	20	4,7	31	0	0,0
2006	570	96	16,8	406	22	5,4	29	2	6,9
2005	537	67	12,5	335	38	11,3	17	2	11,8
2004	557	112	20,1	331	44	13,3	23	1	4,3